

Spjaldtölvur, smáforrit fyrir börn

Við erum að stíga inn í heim tækninnar og tökum þau skref af fagmennsku og með varúð. Allar deildir hafa yfir að ráða spjaldtölvum og erum við með vel valið safn af smáforritum sem börn og kennarar nota. Einnig eru spjaldtölvurnar notaðar til að leita upplýsinga og börnum þannig kennt að nýta sér tæknina til að fræðast og kanna.